

Alþingi
Erindi nr. P/32/1996
komudagur 2.5.2006



CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 2006

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 709. mál, kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.


Í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup er gert ráð fyrir tímabundinni starfsemi kærunefndar um lausafjár- og þjónustukaup til ársloka 2005. Nefndin hefur starfað um nokkura ára skeið og gefið af sér góða raun. Hefur Leiðbeininga- og kvörtunarþjónusta Neytendasamtakanna t.d. sent nokkur mál fyrir nefndina sem ekki hefur tekist að leysa með milligöngu milli aðila.

Þegar líða fór á árið 2005 töldu Neytendasamtökin rétt að beita sér fyrir áframhaldandi starfsemi kærunefndarinnar. Sendu Neytendasamtökin af því tilefni bréf til Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í ágúst 2005. Í bréfinu var hvatt til þess að ráðuneytið beitti sér fyrir áframhaldandi starfsemi nefndarinnar. Í kringum áramótin fór svo að komast hreyfing á málið sem endaði með framlagningu þessa frumvarps.

Neytendasamtökin fagna frumvarpinu og mæla eindregið með lögfestingu þess. Deilumál um neytendarétt varða sjaldan það mikla fjárhagslega hagmuni að réttlætlanlegt sé að fara með málin fyrir dóm. Engu að síður kunna málin að koma verulega við pyngju neytanda auk þess sem um mikil réttlætismál getur verið að ræða. Það er því gríðarlega mikilvægt að hægt sé að leysa úr deilumálum um neytendarétt á öðrum vettvangi en fyrir dómstólum. Með starfsemi kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa geta neytendur fengið álit um deilumál sín við seljendur auk þess sem álit nefndarinnar eru mikilvæg til að skapa fordæmi á sviði neytendaréttar.

Kærunefndin hefur ekki tekið við nýjum málum frá því í árslok 2005. Neytendasamtökin telja mjög mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi til að koma í veg fyrir enn frekara hlé á starfsemi nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Iris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.